



Grænni skógar I

Öflugt skógræktarnám

- fyrir skógarbændur og fróðleiksfúsa skógræktendur



Hver önn kostar 43.000 kr. (tvær annir á ári).

Bændum er bent á að sækja um styrk í starfsmenntasjóð Bændasamtaka Íslands (www.bondi.is). Rétt á styrk eiga félagar í búnaðarfélagi eða félagi skógarbænda. Sama gildir um þá sem hafa fasta búsetu á lögbýli og/eða stunda búnaðargjaldskyldan rekstur. Mörg verkalýðsfélög veita styrki vegna námsins. Innifalið í þátttökugjaldi er kennsla, vettvangsferðir, fæði (kaffi og hádegismatur).

Grænni skógar I er heiti öflugs skógræktarnáms sem að þessu sinni er boðið fróðleiksfúsum trjá- og skógræktendum á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum sem vilja ná hámarksárangri í skógrækt. Námið er í raun 16 námskeið og þar af eru 13 skyldunámskeið. Fyrstu námskeiðin verða kennd á haustönn 2011 og þau síðustu vorið 2014 (3 ár). Að meðaltali eru 2,5 námskeið á önn. Sett verður af stað ein sameiginleg námskeiðaröð fyrir þessa þrjá landshluta ef næg þátttaka næst. Kennt verður á Reykjum í Ölfusi og að Hvanneyri.

- Hvert námskeið stendur í tvo daga.
- Kennsla hefst kl. 16 á föstudögum og lýkur kl. 19. Á laugardögum er byrjað kl. 9 og kennt til kl. 16.
- Fjallað verður um mörg af grunnatriðum skógræktar m.a. um val á trjátegundum, undirbúning lands fyrir skógrækt, uppeldi og gróðursetningu skógarplantna, skógarumhirðu, skjólbelti, svo eitthvað sé nefnt.
- Björgvin Örn Eggertsson verkefnisstjóri Grænni skóga gefur nánari upplýsingar um námskeiðaröðina í síma 433 5305, bjorgvin@lbhi.is
- Landbúnaðarháskóli Íslands sér um skipulag námsins í samstarfi við Suðurlandsskóga, Félag skógarbænda á Suðurlandi, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins.
- Þeir, sem ljúka 80 % af skyldunámskeiðunum, fá námið metið til eininga á framhaldsskólástigi.
- Farið verður í vettvangsferðir.
- Æ oftast fáum við góð viðbrögð við námskeiðaröðinni meðal nemenda, dæmi það ætti að skylda alla skógræktendur á þessa námskeiðaröð.
- Námskeiðaröðin fékk Starfsmenntaverðlaunin 2010.



Skráningarfrestur er til
12. september 2011

Nánari upplýsingar og skráning hjá Skjólskogum
í síma 456 8201 (Sæmundur), skjolskogar@skjolskogar.is

Hámarksfjöldi þátttakenda er 30